



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### *Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur varðandi rafskutlur (US200408).*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að skipulagssvið borgarinnar útfæri leiðir/umgengnireglur í samráði við rafskutlaleigur til að fá leigjendur til að ganga frá hjólum þar sem þau skapa ekki hættu. Hjólunum er stundum illa lagt, t. d. á miðja gangstétt þannig að fatlaður einstaklingur í hjólastól eða sjónskertur vegfarandi ýmist kemst ekki fram hjá eða gengur á hjólið. Fólk með barnakerrur lendir einnig í vandræðum með að komast ferðar sinnar.*

*Um 1.100 rafskutlur standa borgarbúum til leigu frá fjórum fyrirtækjum. Fjölga á skutlunum enn meir. Sá ferðamáti sem hér um ræðir hefur rutt sér til rúms í borginni á stuttum tíma. Þetta er góður ferðamáti en enn vantar augljóslega reglur um umgengni. Fylgja þarf lögum í þessu sambandi. Í lögum er skýrt tekið fram að ekki má skilja við hjól þar sem það getur valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra í umferðinni.*

*Skýrir rammar þurfa að liggja að baki þessum samgöngutækjum sem öðrum. Hætta er á slysum ef ekkert er að gert og fulltrúi Flokks fólksins hvetur skipulagssvið til að bíða ekki eftir þeim áður en tekið er til hendinni við að leysa þetta vandamál.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 11. nóvember.

Umsögn:

Tekið er undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að tryggja að ekki sé skilið við rafhlaupahjól á stöðum sem hindrað geti för gangandi vegfarenda. Í samningum Reykjavíkurborgar við hjólaleigur er lögð áhersla á mikilvægi þess að upplýsa og fræða notendur um hvernig skilja megi við hjól. Unnið er með leigunum til að tryggja að ábendingar sem berast borginni skili sér til leiganna auk þess sem ákvæði er um heimild borgarinnar til að fjarlægja hjól á kostnað leiganna, ef ekki er brugðist við ábendingum.



Eftir því sem hjólum í útleigu fjölga verður sífellt mikilvægara að stuðla að góðum frágangi þeirra. Til þess að ná því markmiði er æskilegt að halda áfram góðu samstarfi skrifstofunnar og leiganna, auk þess að nýta samfélagsmiðla til að höfða til almennings um að ganga frá hjólunum á ábyrgan máta.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri